

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 11. desember 2019
UST201911-207/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á Aðalskipulag Rangárþing eystra 2012 – 2024 og nýtt deiliskipulag - Fornhagi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing eystra er barst 28. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Rangárþingi eystra 2012 – 2014 í landi Fornhaga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að landbúnaðarsvæði verður breytt í verslunar- og þjónustu á um 15 ha svæði úr landi Fornhaga. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir 6,3 ha tjaldsvæði fyrir tjöld, ferðavagna, húsbíla og hjólhýsi og 8,7ha svæði fyrir allt að 50 gistihúsum sem byggð verða í áföngum. Einnig kemur fram í lýsingu að fyrirhugað er að reisa 400m² þjónustuhús, um 100m² salernis- og sturtuáðstöðu og um 145m² grillhús, vegum og bílastæðum. Auk þess kemur fram í breytingartillögunni að áætlunin gerir ráð fyrir að um 300 gestir geti samtímis gist á þjónustusvæðinu í Fornhaga. Ekki kemur fram í deiliskipulagstillögunni hver heilda fjöldi mun geta verið á svæðinu samtímis, þ.e. fjöldi gesta í gistingu og fjöldi gesta sem munu nýtt sér þjónustu þjónustumiðstöðvarinnar

Í gildandi aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 segir í kafla 7.5.1. að stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu er í samræmi við alþjóðasamninga svo sem um fuglavernd, votlendi og líffræðilega fjölbreytni.

Vistgerðir

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og gulstararflóavist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í greinargerð kemur fram að mest af svæðinu er grasengjavist, en Umhverfisstofnun bendir á að vistgerðin er með hátt verndargildi og einnig á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói geta einnig verið að finna í grasengjavist, en tegundirnar eru ábyrgðartegundir Íslands.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um ofangreinda þætti í tillögnum.

Tillagan sem hér um ræðir mun hafa umtalsvert rask í för með sér í formi vegagerðar, bílastæða, húsbygginga, veitukerfa og trjáræktar. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að það komi fram leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að vegir og bílastæði og byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur